


6. Félagsleg upplifun og að deila reynslu

TEACCH ráðlegging #6 fjallar um það hvernig við getum tengst félagslega og deilt reynslu okkar. Mikið af því þeirri reynslu sem er skemmtileg og eykur félagsleg tengsl er aðgengileg á netinu. Til dæmis má heimsækja dýragarðar erlendis, söfn og margt annað á innlendum og erlendum vefsíðum. Með þessu skapast tækifæri fyrir fjölskyldur að upplifa nýja hluti í gegnum netið alls staðar að úr heiminum og tala um þá. Hins vegar vitum við að einhverfir einstaklingar geta átt erfitt með að skiptast á í að tjá sig í félagslegum samskiptum, sérstaklega um nýtt efni.

Til að styðja við virka þátttöku einhverfra einstaklinga í samtölum er gott að hafa tússtöflu eða blað fyrir þau sem horfa á myndbandið og biðja öll um að skrifa niður hvað þeim fannst skemmtilegt. Það er líka hægt að taka myndir eða skjáskot ef að einstaklingur skilur betur myndir. Þetta gefur öllum tækifæri á að hafa myndrænt viðmið sem hægt er að nýta sér þegar fjölskyldan fer að tala saman um upplifunina. Fyrir einstaklinga sem eru nýlega byrjaðir að taka þátt í samtölum, þá getur þú talað um hvað þínir uppáhaldshlutar af myndbandinu voru, með því að nota orð eða með því að benda á myndir. Fyrir einstaklinga sem nota flóknara mál þá getur þú stutt við þá með því að hafa við höndina skipulag samtalsins sjónrænt en þeir ákveða sjálfir hvað þeir vilja tala um. Til dæmis er hægt að nota post-it miða til að tákna flæði samtalsins, þar sem einn einstaklingur er með bleika miða og hinn gula.



| | | |
|--|---|--|
| ? | + | ! |
| <p>Hver? Hvað? Hvar? Hvenær? Af hverju?</p> | <p>Mér finnst... Mér líkar... Ég veit...</p> | <p>Vá! Kúl! Frábært! Flott!</p> |

Ráðleggingar

- Ef einstaklingur á erfitt með að finna upp á einhverju að segja, þá getur þú verið með nokkurs konar „orðabanka“ (sjá hér að ofan) til að hjálpa honum að byrja. Þegar einstaklingur er farinn að skilja uppbyggingu samtalsins, þá er gott að breyta um fjölda post-it miða og táknum fyrir samtalið. Við viljum vera viss um að þátttakendur skilji að hlutverk þeirra í samtölum eru breytileg. Þetta hvetur til sveigjanleika og býður upp á einstaklingsmiðaða nálgun í samtölum við annað fólk.
- Þegar um er að ræða einstaklinga sem hafa ekki talað mál sem megináðferð í samskiptum, þá er mikilvægt að nota bendingar, tákni og svipbrigði til að gera upplifun þeirra og þátttöku í samskiptunum gagnvirka og skemmtilega. Reyndu að staðsetja myndbandið þannig að viðkomandi geti líka séð andlitið á þér. Til dæmis þegar að flottur fiskur syndir fram hjá myndavélinni ef þið eruð að skoða sædýrasafn á netinu, þá skalt þú sýna með ýktum hætti að þú ert hissa og segja „vá!“ um leið og þú horfir á einstaklinginn með það fyrir augum að fá viðkomandi til að til að færa athygli sína frá myndinni yfir til þín svo að um sanna félagslega upplifun sé að ræða sem þið deilið saman.

Fyrirsjáanleiki er allra hagur og eykur öryggi!